

# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Kirkjuskólinn í

### Mýrdal

Minni á samveru Kirkjuskólans í Mýrdal í Víkurskóla næsta laugardag kl. 11:15-12:00.

Vonandi mæta sem flestir.  
Hlakka til að hitta ykkur.

Sóknarprestur

SAMHERJAR

FÉLAG ELDRI BORGARA

## MÝRDAL OG A-EYJAFJÖLLUM

Aðalfundur SAMHERJA verður í Leikskálum föstudaginn 5. mars kl. 15:00.

Venjuleg aðalfundarstörf

Nýir félagar velkomnir.  
Stjórnin

## Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.

Verð á Klaustri 6.-7. mars,  
laugardag og sunnudag

Áhugasamir pantið tíma í síma:

587-2999  
eða 866-0474

Sigrún Inga



## Sjálfstæðisfélagin

í V-Skaftafellssýslu boða  
til fundar í Halldórskaffi í

Vík sunnudaginn 7. mars nk. kl.  
15:00

Fundarefni:

Sveitarstjórnarkosningarnar 2010

Sveinn Pálsson,  
formaður fulltrúaráðs

9. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 3. MARS 2010

# KJARVAL

Goða súpukjöt

647

kr./kg

**Hagkvæmt  
í heimabygð**



Goða  
frosið lambalæri  
**1299**  
kr./kg



Goða, frosinn  
lambahryggur  
**1598**  
kr./kg



Bautabúrs  
ungnautahakk  
**898**  
kr./kg



Grims ýsa í raspi  
**1471**  
kr./kg



Wasa mjólk og roggen  
**229**  
kr./pk.



Casa pizzur, 4 teg.  
**589**  
kr./stk.



Dala fetaostur, 2 teg.  
**429**  
kr./stk.



Allra parket- og gólfsápa  
**229**  
kr./stk.



Fritar franskur, 2 kg  
**698**  
kr./pk.



Vinber græn  
**599**  
kr./kg  
verð áður 899



Allra uppþvottalögur  
**169**  
kr./stk.

KJARVAL

Klaustur: Sími: 487 4616 | Vík: Sími: 487 1325 | Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585-7585

SJÁ OPUNARTÍMA Á [WWW.KJARVAL.IS](http://WWW.KJARVAL.IS)

# Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

## Fyrirlestur um Karla og Krabbamein Miðvikudaginn 3. mars.

**Ströndin v/Víkurskála kl. 18:00**

**Systrakaffi Kirkjubæjarklaustri kl. 21:00**

Ragnheiður frá ráðgjafapjónustu KÍ, ætlar að tala við okkur um karla og krabbamein. Þetta er fróðlegt erindi sem á jafnt við um karla sem konur.

Hægt að skoða fróðleik inn á <http://www.karlmennogkrabbamein.is/>

Kaffi á könnunni og allir velkomnir  
Stjórn Krabbameinsfél. Vestur- Skaftafellssýslu

## Kjörfundur

vegna þjóðaratkvæðagreiðslu

um Icesave samninginn verður í Víkurskóla  
laugardaginn 6. mars 2010 frá kl. 10 árdegis til kl. 19 síðdegis.

Kjósendur eru beðnir um að framvísa persónuskilríkjum á kjörstað.

Kjörstjórn Mýrdalshrepps.

Gulli og perlum að safna sér,  
sumir endalaust reyna,  
vita ekki að vináttan er,  
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér,  
og gimsteina ekki neina.  
En viltu muna að vináttan er,  
verðmætust eðalsteina."

Höf: Hjálmar Freysteinnsson

## LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Samantekt vikuna 22. febrúar til 1. mars 2010

Alls voru bókuð 63 verkefni hjá lögreglunni á Hvolsvelli í síðustu viku.

Átta öikumenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt en sá sem ók hraðast var á 120 km. hraða.

Mikil snjór og ófærð var í vikunni og þá aðallega í Mýrdal og nágrenni. Á fimmtudaginn féll snjóflóð við bæinn Garða í Reynishverfi en engin slys urðu á fólki. Flóðið stöðvaðist við bæinn og færðist dráttarvél til sem þar var. Eitthvað var um að hús voru rýmd á svæðinu. Má segja að umferð hafi ekki verið mikil í vikunni af þessum sökum en slæmt ferðaveður var.

Bifreiðaskoðun verður þessa viku í Vfk þ.e. mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. Síðan verður skoðunin á Kirkjubæjarklaustri í næstu viku mánudaginn 8, mars, þriðjudag til og með miðvikudeginum 10. mars. Menn eru hvattir til að mæta með ökutækin sín til skoðunar á þessum dögum, en nú kemur sjálfkrafa sekt á ökutæki sem mæta of seint í skoðun. Búið er að breyta reglum þannig að landsbyggðin hefur ekki lengur fjóra mánuði og fylgir nú reglum eins og gerist annarsstaðar á landinu sem eru tveir mánuðir.

Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra.

# Volare®

Tilboðsvara í mars  
á 20% afslætti.

Nr. 2807 - 150 ml.  
Unique sunless tanning lotion  
Gefur húðinni fallegan brúnan lit eftir tvo til sex tíma. Líturinn þvæst ekki af með vatni og minnkar einungis vegna losun dauðra húðfruma frá hornlagi húðarinnar.

Fullt verð kr. 3.450  
Tilboðsverð 20% afsláttur kr. 2.760.-



## Á DÖFINNI

**03.03.2010** Fræðslufundur um karla og krabbamein haldinn á Ströndinni v/Víkurskála kl. 18:00 á Systrakaffi Kirkjubæjarklaustri kl. 21:00

**03.03.2010** Vatnajökulsþjóðgarðs minnir á kynningarfund í Tunguseli kl. 20

**03.03.2010** Aðalfundur Rauða kross Klaustursdeildar á hótél Kirkjubæjarkl. kl. 20.00

**05.03.2010** Aðalfundur Samherja félags eldri borgara í Mýrdalshreppi og A-Eyjafjöllum

**06.03.2010** Kjörfundur vegna þjóðaratkvæðagreiðslu í Víkurskóla kl. 10 árdegis til kl. 19 síðdegis.

**06.03.2010** Kjörfundur í félagsheimilinu Kirkjuholi, kl. 10:00 lýkur kl. 20:00.

**07.03.2010** 2. Vetrarmót Hestamannafélagsins Sindra

**07.03.2010** Guðspjónusta verður í Víkurkirkju næsta sunnudag kl. 14:00,

**08.03.2010** Námskeið í markaðssetningu á netinu, í fjarfundabúnaði í Víkurskóla og Kirkjubæjarskóla kl. 18:-22.

**08.03.2010** BORGARAFUNDUR í félagsheimilinu Kirkjuholi kl. 20:00

**10.03.2010** Aðalfundur Víkurdeildar og grunnnámskeið Rauðakrossins á Halldórskafti kl. 19:30

## SLOKUNARNUDD MEÐ

### ILMMEÐFERÐ

### HLJÓMNUDD \* HUI CHUN GONG

Erika I. Pauler

S. 487 1117 GSM 693 5891

Netverslunin - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt. Engin sendingarkostnaður innan Íslands Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með. Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með

# Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri

## Opnunartími til 6. júní:

### Tækjasalur:

Mánud. miðvikud. og föstud	kl. 09:00-19:00
Þriðjud. og fimmtud	kl. 09:00-19:30
Laugardaga	kl. 11:00-16:00

### Sundlaug:

Mánud. og miðvikud.	kl. 15:30-19:00
Þriðjud. og fimmtud	kl. 15:30-19:30
Föstudaga	kl. 11:00-19:00
Laugardaga	kl. 11:00-16:00

### Tilboð á kortum í mars (gildir í tækjasal og sund).

Mánaðarkort	kr. 4000	10 skipta kort	kr. 4000
Þriggja mánaða kort	kr. 9000	30 skipta kort	kr. 9000

### Gjaldskrá í íþróttasal:

1 tími (90 mín)	kr. 3000.-
Fastur tími 1 x í viku í amk. 12 skipti	25% afsláttur
Fastur tími 2 x í viku í amk. 12 skipti	35% afsláttur

Á föstudögum kl. 17:00-19:00 eru fjölskyldutímar í íþróttahúsinu.  
Aðeins þarf að greiða sundgjald í þessa tíma.

Börn verða að vera í fylgd með fullorðnum.

## 14828 - Tilboð óskast í Ketilsstaðaskóla í Mýrdalshreppi.



Um er að ræða 440 m<sup>2</sup> skólahúsnæði með viðbyggðum bílskúr ásamt 150 m<sup>2</sup> sambyggðri íbúð og tilheyrandi lóðarleiguréttindum.

Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1967 og viðbygging er byggð árið 1986.

Íbúðin samanstendur af eldhúsi, stofu, fjórum svefnherbergjum, baðherbergi, þvottahúsi og búi.

Skólahúsið samanstendur af anddyri, tveimur salernum, stórum sal, göngum, eldhúsi, þremur herbergjum, þremur geymslum, búningsklefa með sturtum og bílskúr.

Á lóðinni er borhola og miðlunartankur sem tilheyrir Vatnsveitu Ketilsstaða og verður eignarhluturinn í vatnsveitunni ekki seldur með húseiginni.

Brunabótamat allrar eignarinnar er kr. 110.800.000,- og fasteignamat er kr. 22.823.000,-. Nánari upplýsingar má einnig finna á vef Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

Húseignin verður til sýnis í samráði við Svein Pálsson sveitarstjóra Mýrdalshrepps í síma 487 1210.

Tilboðsblöð liggja frammi ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaðinu á skrifstofu sveitarstjóra Mýrdalshrepps í Vík og Ríkiskaupum, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10:00 þann 9. mars 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.



SKAFTÁRHREPPUR

# FUNDARBOÐ BORGARAFUNDUR

Sveitarstjórn Skaftárhrepps  
boðar til almenns borgarafundar

*í félagsheimilinu Kirkjuhvoli  
mánudaginn 8. mars 2010 kl. 20:00*

þar sem kynnt verður tillaga að  
endurskoðun aðalskipulags  
Skaftárhrepps.

*Sveitarstjórn*



**Svæðisráð vestursvæðis**

**Vatnajökulsþjóðgarðs minnir á kynningarfund**

um drög að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð  
í Tunguseli miðvikudagskvöldið 3. mars kl. 20.00

Sýn heimamanna og annarra hagsmunaaðila er mikilvægur og því eru allir  
hvattir til að mæta!

Útdrátt má nálgast á heimasíðu Kirkjubæjarstofu, <http://www.kbkl.is> og er fólk  
hvatt til að kynna sér hann.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Eiríksdóttir í s. 8998767, netfang [ibi@hi.is](mailto:ibi@hi.is)

## **Kjörfundur í Skaftárhreppi,**

vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um lög nr. 1/2010, sem kveða á um  
breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráð-  
herra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs  
innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að  
standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka  
Íslands hf, sem Alþingi samþykkti en forseti synjaði þeim  
staðfestingar,

verður haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli,  
Kirkjubæjarklaustri, laugardaginn 6. mars 2010.  
Hefst kjörfundurinn kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps.

Fyrir hönd kjörstjórnar Skaftárhrepps  
Guðmundur Óli Sigurgeirsson  
formaður



## 2. Vetrarmót Hestamannafélagsins Sindra

Já nú reynum við aftur og ætlum að stefna á að halda  
2. vetrarmót Hestamannafélagsins Sindra sunnudaginn 7. mars kl 14.00  
Staðsetning verður ákveðin þegar nær dregur helgi.  
Skráning á [solheimar2@simnet.is](mailto:solheimar2@simnet.is) eða í síma 8660786 Petra

Hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest

Mótanefnd



**Rauði kross Íslands**  
Víkurdeild

## Aðalfundur Víkurdeildar og grunnnámskeið Rauðakrossins verður haldið á Halldórskaffi miðvikudaginn 10. mars kl. 19:30

Námskeiðið hefst kl. 19:30. Það er fyrir sjálfbóðaliða og aðra sem vilja starfa með félaginu eða kynna sér starfsemi þess. Farið er yfir í stuttu máli sögu, markmið og stefnu Rauða krossins og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan.

**Strax að loknu námskeiði verður aðalfundur Víkurdeildar haldinn.**

**Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.**

Kaffiveitingar í boði deildarinnar. Allir velkomnir. Sjálfbóðaliðar og aðrir áhugasamir sérstaklega hvattir til að mæta.

Stjórnin.

## BALL Í TUNGUSELI LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 13. MARS

Nú ætlum við að dansa gömlu dansana ásamt öllum hinum dönsunum og hafa af því hina mestu skemmtan, sumsé að spæna svolítið sémilegu upp dansskónum og hvar er betra að gera það en í Tunguseli, maður spyr sig.

*Til stendur að rifja upp MARSINN  
eins og hann var dansaður hér í sveit og víðar á árum áður.*

Húsið opnar kl 21.00 þar sem fólk getur hist og spjallað og átt saman góða stund.

Kl 22.00 byrjum við dansinn með stæl og verður MARSINN þar aðal númerið síðan dönsunum við fram á nótt.

Hljómsveitin Granít úr Vík mun sjá um að halda fólki við dansinn, þeir verða ekki í vandræðum með það strákarnir.....

Miðaverð kr 2500. Minni á að ekki er posi á svæðinu.

*Nú er um að gera að dusta af dansskónum og mæta í Tungusel.*

*Það væri gott ef einhverjir sem dönsuðu MARS og muna hann hefðu samband við okkur undirrituð þannig að við lærum og gerum þetta nú rétt.*

Jón Geir sími 8655427

Ólöf Ragna sími 8485427

Eða í tölvupóst á [tungusel@gmail.com](mailto:tungusel@gmail.com)



## Kjörskrá

*vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars nk. liggur frammi á skrifstofu Mýrdalshrepps á opnunartíma skrifstofunnar til kjördags.*

Sveitarstjóri

# Lofsvert framtak!

Ánægjulegt er að vekja athygli á frumkvæði nokkurra heldri borgara á Klaustri.

Á gönguferðum sínum um þorpið hafa þeir lagt í vana sinn að tína upp rusl sem á vegi þeirra verður.

Þökk sé þeim fyrir að leggja sitt af mörkum til að halda hreinu okkar fallega umhverfi.

Megi þetta verða okkur hinum til eftirbreytni.

Þakklátur íbúi á Klaustri.

Farðu hægt við folann minn  
-fám hann reynist þægur:  
Hann er eins og heimurinn  
hrekkióttur og slægur.

*Höf: Baldvin Halldórsson*

Engan kvíða eg á mér finn  
eða stríð í sinni,  
þó hafi tíðum heimurinn  
horn í síðu minni.

*Höf: Jón Árnason Víðimýri*

Eigirðu land sem ástin fann,  
unnt er að standast t'lið.  
en þegar andast ánægjan  
aftur vandast málið.

*Höf: Ólína Andrésdóttir*

Dó á fjöllum geislaglit,  
glóir mjöll á dröngum;  
skógarhöll með haustins lit  
hló þar öll af söngvum.

*Höf: Guðmundur Böðvarsson*



Björgunarsveitarmenn úr Víkverja Vík voru kallaðir út undir kvöld laugardagsins 27. feb. til hjálpar fólki sem var á ferð í bíl sínum á veginum við Reynisfjall.

Bíllinn flaut upp í krapa á veginum og f auk út af honum. Það varð fólkinu til happs að bíllinn lenti í snjóskafla annars hefði hann líklega farið margar veltur. Sex voru í bílnum og meiddist fólkið ekki.

Mynd: Bryndís Fanney Harðardóttir.

## Víkurkirkja í Mýrdal á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar

*Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju næsta sunnudag 7. mars 2010 kl. 14:00,  
sem jafnframt er æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar.*

Nemendur Tónskóladeildar Víkurskóla annast undirleik og leiða almennan söng af léttara taginu undir stjórn Kristins J. Níelssonar skólustjóra og Kára Gestssonar kennara og organista.

Ungmenni lesa ritningarlestra og kirkjuskólabörn syngja lögina sem við erum búin að vera að syngja í kirkjuskólanum í vetur.

Allir Mýrdælingar eru hvattir til að mæta í Víkurkirkju 7. mars því guðsþjónustan er fyrir allar sóknir Víkurprestakalls.

Sérstaklega eru fermingardrengir næsta vors og foreldrar þeirra hvattir til að mæta.

Sóknarprestur

### Þorrablót ferðaklúbbsins 4x3 á flugi

Var haldið samkvæmt venju, fyrstu helgi eftir þorra í Hólaskjóli er stendur við fjallabaksleið nyrðri. Lagt var af stað á laugardagsmorgni, ekið austur sand, upp Skaftártungu og mörgum sköflum, festum og öðrum skemmtilegheitum síðar var komið á áfangastað um fimmleitið. Hópurinn, er taldi tuttugu og fjóra félagar á átta bílum, gengu því næst til skipulagðrar dagskrár og blótuðu þorra frameftir kvöldi.

Hótel Klaustur skaffaði matföng en stjórn klúbbsins stóð fyrir dagskránni er byggðist aðallega á léttu gríni á aðra félagar. Á sunnudagsmorgni var síðan tekinn létt keyrsla um næsta nágrenni áður en haldið var heim.

Helgin var í alla staði vel heppnuð og almenn ánægja með blót. HIE

